

Fundur Oddvitanefndar UTU haldinn á skrifstofu UTU, Laugarvatni miðvikudaginn 27. mars 2019, kl. 08:30.

Mætt voru, Björgvin Skafti Bjarnason Halldóra Hjörleifsdóttir, Helgi Kjartansson, Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson og Guðmundur Gíslason.

Fundinn sátu einnig Jón G. Valgeirsson, Hannibal Kjartansson og Ásta Stefánsdóttir.

Skafti stjórnaði fundi og Jón ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Verð í vinnu við undirstöður vegna aðstöðuhúss á Seyrustöðum að Flatholti 2, Flúðum.

Jón og Hannibal fóru yfir verð sem fyrir liggur frá Landsstólpa ehf í vinnu við undirstöður undir aðstöðuhúsið á Seyrustöðum á Flúðum en áður hafði verið gengið að tilboði þeirra í aðstöðuhúsið sjálf. Tilboð Landstólpa hljóðar um á rúmar 49 milljónir en kostnaðarmat frá EFLU hljóðar upp á 53,5 milljónir. Oddvitanefndin leggur til að gengið verði til samninga við Landstólpa á grundvelli þeirra verða sem þeir hafa boðið í verkið.

2. Byggingarstjórn vegna vinnu við aðstöðuhús og undirstöður.

Jón og Hannibal fóru yfir tilboð í byggingarstjórn vegna byggingu hússins frá Berki Brynjarssyni sem hljóðar upp á 3,6 millj. Oddvitanefndin leggur til að gengið verði til samninga við Bökk um byggingarstjórn á grunvelli þeirra einingarverða sem hann býður en reynt verði eftir atvikum að nýta sér starfsmenn Hrunamannahrepps til eftirlits eins og kostur er.

3. Annað og næstu skref.

Hannibal og Jón fóru yfir stöðu mála varðandi heildarkostnað við aðstöðuhúsið á Seyrustöðu á Flúðum en ætla má að kostnaður verði um 120 millj. en upphaflega kostnaðaráætlunin hljóðar upp á 108 millj. Þá fóru þeir yfir stöðuna varðandi hreinsun seyru næsta sumar en búið er að endurnýja samning við verktaka um dreifingu seyru og verið er að vinna í samningum við Hreinsitækni um rotþróarhreinsun á erfiðari svæðum. Þá vilja Jón og Hannibal benda á að þar sem Tæknisvið UTU hafi verið lagt niður þurfi sveitarfélögin að huga að skapa þekkingu innan sveitarfélagana sjálfra til að samskipti við þá aðila sem þarf að hreinsa seyru hjá gangi greiðlega fyrir sig o.fl. sem tengist þessum málum.

Fundi slitið kl. 9:45.